

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 124/2001**

frá 23. nóvember 2001

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 102/2001 frá 26. október 2001⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/111/EB frá 21. desember 1999 um tilnefningu á nýjum mótetfnavakabanka og flutning og geymslu mótetfnavaka innan ramma aðgerða bandalagsins varðandi varasjóði af gin- og klaufaveikibóluefni⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/112/EB frá 14. janúar 2000 um nákvæma lýsingu á dreifingu mótetfnavakabirgða milli mótetfnavakabanka, sem komið er á fót innan ramma aðgerða bandalagsins varðandi varasjóði af gin- og klaufaveikibóluefni, og um breytingu á ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 93/590/EB og 97/348/EB⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 322, 6.12.2001, bls. 6 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 6.12.2001, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 33, 8.2.2000, bls. 19.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 33, 8.2.2000, bls. 21.

- 4) Ákvörðun ráðsins 2000/258/EB frá 20. mars 2000 um tilnefningu á sérstakri stofnun sem sér um að ákveða nauðsynlegar viðmiðanir við stöðlun sermiprófa til að fylgjast með árangri af notkun bóluafnis við hundæði⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun þessi gildir hvorki um Ísland né Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Hluta 3.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður komi aftan við 11. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/502/EB):

„12. **32000 D 0111:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/111/EB frá 21. desember 1999 um tilnefningu á nýjum mótefnavakabanka og flutning og geymslu mótefnavaka innan ramma aðgerða bandalagsins varðandi varasjóði af gin- og klaufaveikibóluefni (Stjtið. EB L 33, 8.2.2000, bls. 19),

13. **32000 D 0112:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/112/EB frá 14. janúar 2000 um nákvæma lýsingu á dreifingu mótefnavakabirgða milli mótefnavakabanka, sem komið er á fót innan ramma aðgerða bandalagsins varðandi varasjóði af gin- og klaufaveikibóluefni, og um breytingu á ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 93/590/EB og 97/348/EB (Stjtið. EB L 33, 8.2.2000, bls. 21).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 9. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/590/EB):

„- **32000 D 0112:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/112/EB frá 14. janúar 2000 (Stjtið. EB L 33, 8.2.2000, bls. 21).“

2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 53. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/171/EB) í hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„54. **32000 D 0258:** Ákvörðun ráðsins 2000/258/EB frá 20. mars 2000 um tilnefningu á sérstakri stofnun sem sér um að ákveða nauðsynlegar viðmiðanir við stöðlun sermiprófa til að fylgjast með árangri af notkun bóluafnis við hundæði (Stjtið. EB L 79, 30.3.2000, bls. 40).“

3. gr.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 79, 30.3.2000, bls. 40.

Texti ákvarðana 2000/111/EB, 2000/112/EB og 2000/258/EB á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. nóvember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.